

Skólaráðsfundur

6. október 2016

Mættir: Oddur, Magnús (fulltrúar foreldra), Sigurdís, Rut (fulltrúar nemenda), Kristín Hulda, Elín S og Svava (fulltrúar skóla).

1. Hlutverk skólaráðs

Svava fer yfir hlutverk skólaráðs. Almennt er fundað 1x í mánuði og verður miðað við fyrsta miðvikudag eða fimmtudag mánaðar. Svava boðar til fundar.

2. Fulltrúi í skólaráði

Rætt um mögulegan fulltrúa úr grenndarsamfélaginu í skólaráð. Tillaga borin fram um mögulegan fulltrúa. Svava hefur samband við viðkomandi.

3. Skóladagatal

Framundan eru þemadagar og er áhersla á fjölmenningu. Nemendur og starfsfólk frá 10 löndum í skólanum. Verkefnið *Trú á eigin námsgetu* sem var styrkt af Sprotasjóði er haft að leiðarljósi þar sem sérstök áhersla er á nemendur af erlendum uppruna.

Foreldraviðtöl verða með breyttu sniði. Tveir dagar eftir hefðbundinn vinnudag verða notaðir í viðtölin þ.e 18. og 19. október og verða ýmsar kynningar á skólastarfinu á þeim dögum.

4. Þjóðleikur

Svava segir frá verkefninu Þjóðleikur sem skólinn tekur þátt í en það er fyrir nemendur í 10 bekk í leiklist.

5. Samræmd próf

Í fyrsta sinn voru samræmd próf á rafrænu formi. Rætt um hvernig þau gengu. Almennt gekk vel fyrir utan í einu prófi sem netkerfið hrundi vegna bilunar hjá þjónustuaðila.

6. Desemberfundur skólaráðs

Svava lofar jólakaffi með piparkökum.

7. Gönguferð um skólann frestað til næsta fundar sem og umræðu um HSS.

8. Fjárhagsáætlun

Sótt verður um fjármagn fyrir fleiri kajökum, spónsugu í smíðastofu, kennarastóla, nemendastóla, iPad bekkjarsett, vagn og hleðslu fyrir iPad, fartölvur fyrir kennara. Hugmynd um að kennarar verði með fartölvur sem tengist dokkum, í stað borðtölva. Einnig verður stótt um fjármagn fyrir sjónvarpsskjá, skjávarpa og leiktæki hjá Frístund.

Rut sagði frá „Pókó velli“ sem eru vinsælir við skóla. Ódýr og vinsæl lausn.

Fundi slitið 9:30

Fundarritari: Elín Þ. Samúelsdóttir